

66 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um lög taksskipun. — Af hjálögðu erindi hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi virðist mega sjá, að úrskurður minn frá 9. júní f. á. (stjórnartíð. B. 93) hafi ekki verið birtur hreppsnefndinni, og í annan stað, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hafi ekki tekið það til greina, er þar er sagt um, að sýslumaðurinn sje skyldur til samkvæmt 1. og 2. grein opins brjefs frá 2. apríl 1841, að láta hreppsnefndinni í tje lögtaksskipun með tilliti til viðkomandi hreppsgjalds á ábyrgð lögtaksbeiðanda, að því er snertir lögmæti gjaldsins.

Fyrir því vil jeg, um leið og jeg bið mjer fylgiskjalið endursent, skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir hlutaðeiganda sýslumann tafarlaust að birta hreppsnefndinni með þessu brjefi tjeð brjef mitt frá 9. júní f. á. og um leið að gefa út lögtaksskipun þá, er beðið hefir verið um, og inniheldur opið brjef 2. apríl 1841 enga heimild til þess að krefjast þess af lögtaksbeiðanda, að hann setji veð, fyr en lögtaksskipunin er gefin út og lögtakið byrjað samkvæmt slíkri skipun. Loksins býst jeg við að fá yfirlýsingu sýslumannsins með þóknanlegum ummælum yðar um, hverjar ástæður hann hafi haft fyrir sjer til þess ekki að breyta eptir því, sem lagt hefir verið fyrir hann með brjefi mínu frá 9. júní f. á.

67 — Ágrip af brjefum landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu og sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um vegagjörðir.

Með þessum brjefum var af fje því, er getur um í 9. gr. C. 5. fjárlaganna veitt til vegabóta í sumar:

1. á Holtavörðuheiði	3500 kr.
2. - Hellisheiði	4500 —
3. - Kaldadalsveginum	2000 —
4. - Bröttubrekkuveginum	500 —
5. - Laxárdalsheiði	400 —
6. - Haukadalsskarðsveginum	400 —
7. - Vatnsskarðsveginum	1000 —
8. - Siglufjarðarskarðsveginum	1000 —

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

		Metin Kr.	Anglýst.	
Selvogsþing	í Árnesprófastsdæmi	Uppbót 500 kr.	440 33	4. apríl 1870.
Sandar í Dýrafirði	- Vesturísafjarðarprófastsdæmi	— 200 —	485 62	11. maí 1875.
Ásar í Skaptártungu	- Vesturskaptafellsprófastsdæmi	— 700 —	269 75	31. marz 1876.
Þóróddsstaður	- Suðurþingeyjarprófastsdæmi	— 200 —	733 73	24. marz 1879.
Húsavík	- ———	— 200 —	594 64	1. sept. 1879.
Otrardalur	- Barðastrandarprófastsdæmi	— 400 —	296 58	12. apríl 1880.
Helgastaðir	í Suðurþingeyjarprófastsdæmi	— ———	686 20	17. júlí 1876.
Hólmar í Reyðarfirði	- Suðurmúlprófastsdæmi. Prestsekkja nýtur $\frac{1}{8}$ af föstum tekjum þessa prestakalls	— ———	2238 „	18. marz 1880.
Reynistaðaklaustur	- Skagafjarðarprófastsdæmi	— ———	516 28	18. marz 1880.
Hofteigur	- Norðurmúlprófastsdæmi	— ———	999 34	22. marz 1880.
Oddi	- Rangárvallaprófastsdæmi	— ———	2217 68	22. marz 1880.
Ógurþing	- Norðurísafjarðarprófastsdæmi	— ———	732 10	12. apríl 1880.

Þeir, sem skipaðir verða í embætti þessi, eru skyldir að sætta sig við breytingar þær, er leiða af lögum 27. febr. þ. á. um aðra skipun prestakalla. Uppbæturnar eru fyrir fardagaárið 1880—81 lagðar hinum fyrstnefndu sex prestaköllum með því skilyrði, að prestar þeir, er skipaðir verða, taki samsumars að þjóna þeim.